

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu Hagstofu Íslands.

1. gr.

Tímavinna.

Innheimt er að lágmarki fyrir eina klukkustund.

Sérfræðingur, pr. klst.

kr. 15.300

2. gr.

Sérvinnslur, stakar.

Fyrir útkeyrslu úr fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar og skrár vöruviðskipta skal greiða eftirfarandi einingaverð fyrir hverja færslu, til viðbótar við tímavinnu sérfræðinga, sbr. 1. gr.:

Útkeyrslur allt að 10.000 færslur, pr. færslu	kr.	11
Útkeyrslur 10.001 – 20.000 færslur, pr. færslu	kr.	9
Útkeyrslur 20.001 – 30.000 færslur, pr. færslu	kr.	7
Útkeyrslur 30.001 – 40.000 færslur, pr. færslu	kr.	5
Útkeyrslur fleiri en 40.000 færslur, pr. færslu	kr.	3

3. gr.

Sérvinnslur, endurteknar.

Gera skal skriflegan samning um endurteknar sérvinnslur, þar sem fjöldi afhendinga á 12 mánaða tímabili er fyrirfram ákveðinn. Greitt er fyrir hverja afhendingu.

4. gr.

Aðgangur að rannsóknaukhverfi Hagstofu Íslands.

Rannsakendur sem fá aðgang að örgögnum á rannsóknaukhverfi Hagstofu Íslands, skulu greiða fyrir það sem hér segir:

Uppsetningargjald	kr.	40.000
Sýndartölva er virk og til staðar fyrir rannsakandann, pr. dag	kr.	500

5. gr.

Heimild til sammingsgerðar, undanþágur og afsláttur.

Hagstofu Íslands er heimilt að gera sérstaka samninga um þjónustu, skal þá ávallt taka tillit til raunkostnaðar er varðar þjónustuna.

6. gr.

Gjald fyrir afhendingu gagna.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við launavísitölu í júlí 2016 og skulu breytast árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

7. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 14. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og öðlast þegar gildi, frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um gjaldskrá vegna þjónustu Hagstofu Íslands, nr. 980/2010.

Forsætisráðuneytinu, 23. nóvember 2016.

F. h. r.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

Sigrún Ólafsdóttir.